

Þróunarverkefnið Virðing og jákvæð samskipti

Þróunarverkefnið „Virðing og jákvæð samskipti” er þriggja ára þróunarverkefni í leikskólanum Gefnarborg í Garði. Verkefnið hófst í ágúst 2005 og lýkur í ágúst 2008. Í verkefninu höfum við að leiðarljósi að sýna börnum virðingu og koma fram við þau af jákvæðni því þá munu þau temja sér það. Þess vegna leggjum við mesta áherslu á að kenna og þjálfra starfsmannahópinn í samskiptum. Við teljum að börn læri samskipti með því að taka sér samskipti annarra til fyrirmyndar.

Mikilvægt er að upplýsingastreymi til foreldra sé mikið og lýsandi þannig að þeir geti tekið þátt. Þeim mun meira sem þeir taka þátt því betri verður árangurinn bæði fyrir hópinn í heild og fyrir hvern einstakling.

Yfirmarkmið fyrir starfsmannahópinn er að efla sjálfsvitund starfsfólks þ.e. að starfsfólkið geri sér grein fyrir eigin hugarástandi og þekki eigin tilfinningar. Sjálfsvitund eykur sjálfstjórn. Samkennd er líka mjög mikilvæg, ef starfsfólk hefur góða sjálfsvitund þá getur það skilið aðra betur og sett sig í spor samstarfsfólks, barna og foreldra. Mikilvægt er að hópurinn kynnist vel og innan hans ríki samkennd. Eitt af markmiðum okkar er að efla samkennd. Samkennd elur af sér umhyggju, fórnfýsi, samúð umburðarlyndi og fordómaleysi.

1. Tímaáætlun fyrir verkefnið:

- 1. árið :** Starfsfólk undirbúið, lagt af stað, ný færni lögð inn smátt og smátt
- 2. árið :** Ný tækni kennd í meira mæli, stigvaxandi, haldið áfram með fyrsta stig og sumt endurtekið
- 3. árið:** Vinnubrögð fest í sessi, viðhalda því sem komið er, ekki bæta við nýjum verkefnum. 3 áfangi snýst um eftirfylgni

Verkefnið er þrjúþætt og skiptist í:

1. Börn
2. Starfsfólk
3. Foreldra

2. Yfirmarkmið fyrir starfsfólk:

Að þjálfra starfsfólk í að vera góðar fyrirmyndir með því að efla; sjálfsvitund, sjálfstjórn og samkennd þeirra.

Undirmarkmið

- Að byggja upp betri samvinnu meðal starfsfólks
- Að vinna að því að samskiptin í leikskólanum einkennist af hreinskilni, heiðarleika og trausti
- Að nýta og efla það góða í fari hvers starfsmanns
- Að þjálfra starfsfólk í að þekkja, viðurkenna og stjórna eigin tilfinningum
- Að starfsfólk temji sér að bera virðingu fyrir öllum
- Að starfsfólk temji sér bjartsýni, glaðværd og jákvæðni
- Að auka samvinnu heimils og skóla

Til að ná markmiðum starfsmannahópsins er unnið m.a. á eftirfarandi hátt:

Starfsfólk fær fræðslu á hverjum starfsmannafundi. Einnig eru fyrirlestrar á skipulagsdögum tengdir verkefninu. Við munum skoða hvaða hlutverk eru sterkust hjá okkur og hvernig samsetningin er í starfsmannahópnum. Umræður verða um hlutverk hvers og eins innan hópsins. Í október 2006 var fyrirlestur um fjölgreindir í leikskóla með sérstakri áherslu á að efla persónugreindir barna. Við skoðuðum hverjar eru sterkar greindir starfsmannahópsins,

allir greindu sig og búið var til yfirlit yfir sterkar greindir hópsins. Á starfsmannafundum förum við í ýmisskonar hópeflisæfingar og æfingar til að stuðla að auknum tilfinningaþroska. Starfsfólk er einnig þjálfað í markmiðssetningu. Hró og gagnrýni verður tekið sérstaklega fyrir. Við ætlum að kenna aðferðir til að efla starfsfólk í agastjórnun og samskiptum við skapmikil og krefjandi börn. Starfsmannahópurinn tekur virkan þátt í að móta áætlanir fyrir barnahópin og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.

3. Yfirmarkmið fyrir börn:

Að tryggja að í leikskólanum búi börnin við góðar fyrirmyndir og fái þjálfun í að tileinka sér uppbyggjandi og jákvæð samskipti

Undirmarkmið

- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfsöryggi barnanna
- Að börnin læri að þekkja, viðurkenna og stjórna eigin tilfinningum
- Að börnin læri að setja sig í spor annarra og lesa í umhverfið
- Að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum
- Að efla samkennd í barnahópnum
- Að þjálfva börnin í því að sýna viðeigandi hegðun við mismunandi aðstæður
- Að kenna börnunum að leita lausna á vandamálum og leysa ágreining á friðsamlegan hátt
- Að styrkja það góða í fari hvers einstaklings

Til að ná markmiðum barnahópsins verður unnið með ákveðin lífsgildi og samskiptin eflað með þematengdum verkefnum.

Mánaðarlegar áætlanir eru unnar með stýrihóp og starfsfólki deildanna. Áætlanirnar innihalda hugmyndir af:

- Söngvum
- Leikjum
- Umræðum
- Verkefnum

Hvert lífsgildi er tekið fyrir í c.a. þrjá mánuði. Skólaárið 2005 -2006 var unnið með; hjálpsmi, kærleika, gleði og virðingu fyrir dýrum og náttúrunni. Skólaárið 2006 – 2007 ætlum við að vinna með frið, virðingu fyrir öðrum og hamingju. Friðinn tókum við fyrir frá október til janúar og eftir áramót byrjum við að vinna með virðingu fyrir öðrum.

Við kennum líka tveimur elstu árgöngunum Stig af stigi sem er námsefni til að efla tilfinninga- og félagsþroska barna. Einnig hvetjum við og leiðbeinum starfsfólki á yngri deildunum í því að undirbúa yngri börnin fyrir Stig af stigi með því að æfa hugtökin og nota virka hlustun. Starfsfólk fær leiðbeiningar varðandi virka hlustun, ef henni er beitt eflist félagsþroski barna og jákvæð samskipti aukast.

4. Yfirmarkmið fyrir samstarf við foreldra

- Að auka samvinnu heimila og skóla
- Að auka upplýsingastreymi til foreldra
- Að hafa gott upplýsingastreymi til foreldra um verkefnið
- Að foreldrar séu þátttakendur í verkefninu

Til að ná markmiðum um samstarf við foreldra munu við framkvæma eftirfarandi:

- Kynna verkefnið á foreldrafundum að hausti ár hvert

- Senda Stig af stigi bréf heim til foreldra
- Gefa út fréttabréf um verkefnið ca. þrisvar sinnum á ári sem inniheldur m.a. upplýsingar um hegðunarmótandi aðferðir, virka hlustun og fleira tengt verkefninu. Markmiðið er að samræma samskiptareglur milli heimilis og skóla og hafa öflugt upplýsingastreymi.
- Ljósmyndir af börnunum í starfinu hengdar upp reglulega.
- Dagbók með lýsingu á hvað gert var í dag á hverri deild er hengd upp daglega í fataklefum allra deilda. Dagbók birtist einnig á heimasíðu.
- Áhersla lögð á aukin og betri dagleg samskipti við foreldra
- Heimasíða opnaði í júní 2006

5. Mat á verkefninu

Mat á verkefninu var að mestu óformlegt fyrsta árið og fór fram í starfsmannasamtölum, foreldrasamtölum og á starfsmannafundum. Spurningarlisti var lagður fyrir starfsfólk í september 2005.

Eftirfarandi mat er áætlað á starfsárinum 2006 – 2007

- Viðhorfskönnun meðal starfsfólks í október 2006, endurtekin í mars 2007
- Viðhorfskönnun meðal foreldra í október 2006, endurtekin í mars 2007
- Starfsmannasamtöl verkefnastjóra við allt starfsfólk í nóvember 2006, rætt um verkefnið og samskipti.

6. Kynning á verkefninu

Verkefnið hefur verið kynnt á foreldrafundum haustið 2005 og haustið 2006.

Eftirfarandi er áætlun um kynningar á verkefninu starfsárið 2006 - 2007

- Leikskólafulltrúi, sérkennslufulltrúi og leikskólastjórar Reykjanesbæjar
- Skólanefnd Garðs
- Skólastjóri og kennarar yngsta stigs grunnskólans í Garði

7. Verkaskipting

Faglegur ráðgjafi

Árið 2005 – 2006 stýrði leikskólastjóri verkefninu þar sem að ekki fékkst verkefnastjóri til starfa. Karen Valdimarsdóttir leikskólakennari var ráðinn sem faglegur ráðgjafi við verkefnið og hóf hún störf strax við upphaf verkefnisins. Hún var með fyrirlestur í ágúst 2005 fyrir allan starfsmannahópinn, mætti á starfsmannafund í október 2005 og stjórnaði umræðum um verkefnið, hún mætti einning á fund með stýrihópnum í mars 2006. Einn fundur var í nóvember 2006 með leikskólastjóra, verkefnastjóra og faglegum ráðgjafa þar sem farið var yfir verkaskiptingu og hlutverk ráðgjafans.

Stýrihópur

Árið 2005 – 2006 sátu í stýrihóp; leikskólastjóri, tveir deildarstjórar, og sérkennslustjóri. Stýrihópur vann mjög þétt við áætlanargerð og þróun verkefnisins með leikskólastjóra. Leikskólastjóri var formaður hópsins og bar ábyrgð á dagskrá fundanna.

Árið 2006 – 2007 var ákveðið að fjölga í stýrihópnum og hafa alla deildarstjórana í hópnum. Einnig sitja í stýrihópnum leikskólastjóri, sérkennslustjóri og verkefnastjóri bættist í hópinn og var nú formaður stýrihópsins og bar ábyrgð á dagskrá fundanna.

Verkefnastjóri

1. september 2006 tók Gerður Pétursdóttir, leikskólakennari við stöðu verkefnastjóra. Hún stýrir verkefninu í samráði við leikskólastjóra og í samvinnu við stýrihópinn.

Gerður Pétursdóttir, verkefnastjóri

Elsa Pálsdóttir, leikskólastjóri